

Fundargerð 425

Föstudaginn 13. febrúar 2015 kl. 8:00 kom stjórn Byggðastofnunar saman til fundar að Hótel Hamri, Borgarfirði. Þessir fundarmenn sátu fundinn; Þóroddur Bjarnason stjórnarformaður, Einar E. Einarsson, Karl Björnsson, Oddný María Gunnarsdóttir, Sigríður Jóhannesdóttir og Sveinn Auðunn Sæland (varamaður). Auk þeirra sátu fundinn Aðalsteinn Þorsteinsson forstjóri, Elín Gróa Karlsdóttir forstöðumaður fyrirtækjasviðs, Hjalti Árnason forstöðumaður lögfræðisviðs, Sigurður Árnason sérfræðingur á þróunarsviði, Snorri Björn Sigurðsson forstöðumaður þróunarsviðs og Magnús Helgason forstöðumaður rekstrarsviðs sem jafnframt ritaði fundargerð.

Ásthildur Sturludóttir og Valdimar Hafsteinsson boðuðu forföll.

Formaður setti fund kl. 8:05 og lagði fram eftirfarandi dagskrá:

1. Fundargerð síðasta fundar
2. Staða verkefna og rekstrar skv. starfsáætlun 2015
3. Ýmis verkefni á þróunarsviði – til upplýsingar og umræðu
4. Áhættustefna Byggðastofnunar
5. Erindisbréf og skýrsla regluvarðar fyrir 2014
6. Aflamark Byggðastofnunar
 - a. Þingeyri
 - b. Staða mála á Flateyri
7. Lántaka og útgáfa skuldabréfa
8. Staða lánasafns Byggðastofnunar 31.12.2014
9. Kynning á stöðu 25 stærstu viðskiptavina Byggðastofnunar
10. Fundargerðir lánanefndar
11. Sala hlutabréfa Byggðastofnunar
12. Önnur mál
13. Ársfundur Byggðastofnunar
14. Næsti fundur

1. Fundargerð síðasta fundar

Formaður bar upp fundargerð síðasta fundar nr. 424 og var hún samþykkt samhljóða og dreift til undirritunar.

2. Staða verkefna og rekstrar skv. starfsáætlun 2015

AÐ fór yfir rekstur ársins 2014 og stöðu verkefna á starfsáætlun.

3. Ýmis verkefni á þróunarsviði – til upplýsingar og umræðu

SBS fór yfir möguleika á að styðja mastersnema og aðra háskólanema til að vinna afmörkuð verkefni tengd framkvæmd einstakra aðgerða í byggðaáætlun. Samþykkt var að veita allt að fjóra 250 þús. kr. styrki til mastersnema enda verði samkomulag um fjármögnun slíkra styrkja af fjárveitingu til byggðaáætlunar.

Ákveðið hefur verið að halda Byggðamálaráðstefnu á Breiðdalsvík. Dagsetning hefur ekki verið ákveðin en horft er á byrjun september.

SBS gerði grein fyrir viðræðum við Námsmatsstofnun varðandi greiningu á árangri nemenda á samræmdum prófum í mismunandi byggðum.

Þá gerði hann grein fyrir hugmyndum um eflingu rannsókna tengdum byggðaðróun innan Byggðastofnunar.

4. Áhættustefna Byggðastofnunar

Framhald frá síðasta fundi. Ákveðið var á síðasta stjórnarfundum að starfsmenn stofnunarinnar myndu senda nánari tillögu að skiptingu útlána eftir atvinnugreinum til stjórnar. Tillaga liggur nú fyrir og er hámarks áhætta einstakra atvinnugreina á bilinu 20-35%

Áhættustefna og áhættureglur Byggðastofnunar voru bornar upp og samþykktar samhljóða.

5. Erindisbréf og skýrsla regluvarðar fyrir 2014

HÁ fór yfir skýrslu regluvarðar vegna ársins 2014. Helstu verkefni regluvörslu Byggðastofnunar á síðastliðnu ári hafa falist í því að skila listum um innherja til FME og viðhalda upplýsingum um þá sem teljast innherjar hjá stofnuninni í skilningi laga um verðbréfavíðskipti nr. 108/2007 og reglna nr. 1050/2012 um meðferð innherjaupplýsinga og víðskipti innherja. Listar um fruminnherja og aðila fjárhagslega tengda fruminnherjum eru uppfærðir þegar tilefni er til og þó eigi sjaldnar en tvisvar á ári í gegnum skýrsluskilakerfi FME. Listum var síðast skilað til FME í janúar 2015.

Önnur skýrsluskil til FME og Kauphallar fara að mestu fram á rekstrarsviði Byggðastofnunar og hafa skýrsluskil verið í góðu lagi síðastliðið ár.

Ekki voru gerðar sérstakar athugasemdir við störf einstakra starfsmanna og/eða deilda innan Byggðastofnunar á síðasta ári af hálfu regluvörslu.

Formaður bar upp erindisbréf regluvarðar og tillögu að skipun Hjalta Árnasonar sem regluvarðar stofnunarinnar og Guðbjargar Sigurbjörnsdóttur sem vararegluvarðar.

Erindisbréf þetta skal endurskoðað og gefið út að nýju í kjölfar yfirferðar stjórnar á skýrslu regluvörslu 2016.

Samþykkt samhljóða.

6. Aflamark Byggðastofnunar

a. Þingeyri

Tillaga er um að forstjóra verði falið að ganga til samninga við Íslenskt sjávarfang ehf. á grundvelli umsóknar þeirra og frekari upplýsinga sem að fyrirtækið hefur lagt fram á síðustu vikum. Rökstuðningur er að Íslenskt sjávarfang hafi áralanga reynslu af rekstri fiskvinnslu og séu með skýra og tiltölulega örugga hráefnisöflun.

Samþykkt samhljóða.

b. Staða mála á Flateyri

Ekki liggur fyrir niðurstaða í viðræðum við umsækjendur á Flateyri. Áfram er unnið að málinu.

Sjávarútvegsráðherra þarf á vörþingi að leggja fram þingsályktunartillögu um magn þeirra potta sem reknir eru samhliða aflamarkskerfinu. Borist hefur óformleg fyrirspurn frá atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu til Byggðastofnunar um hvað stofnunin telji að hún þurfi miklar heimildir á næstu sex árum í verkefnið Aflamark Byggðastofnunar. AÐ og SÁ fóru yfir hugmyndir sem komu fram á minnisblaði sem dreift var á fundinum. Ákveðið var að fyrir næsta stjórnarfund lægju fyrir útfærðar hugmyndir.

7. Lántaka og útgáfa skuldabréfa

AÐ og MH gerðu grein fyrir fyrirhugaðri skuldabréfaútgáfu sem þarf ráðast í til að endurfjármagna skuldabréfaútgáfu frá árinu 2003 sem er á gjalddaga 10. mars nk. Unnið hefur verið með Arion banka að undirbúningi útgáfunnar.

Lagt er til að stjórn heimili forstjóra að ganga frá útgáfu á verðtryggðum skuldabréfaflokki að fjárhæð 4 milljarðar króna til 15 ára með jöfnum greiðslum tvisvar á ári. Skuldabréfaútgáfan verður gefin út í Kauphöll Íslands og í Verðbréfaskráningu.

Tillagan samþykkt samhljóða og forstjóra veitt heimild til undirritunar nauðsynlegra skjala í tengslum við lántökuna.

8. Staða lánasafns Byggðastofnunar 31.12.2014

EGK fór yfir 25 stærstu vanskilin hjá stofnuninni og stöðu lánasafnsins eftir atvinnugreinum, skiptingu eftir landshlutum o.s.frv.

9. Kynning á stöðu 25 stærstu viðskiptavina Byggðastofnunar

EGK og AÐ kynntu 25 stærstu viðskiptavini Byggðastofnunar 31. desember 2014 og svöruðu spurningum.

10. Fundargerðir lánanefndar

Fundargerð lánanefndar nr. 35/14, 17. desember 2014

EGK fór yfir fundargerðina

...

Fundargerð lánanefndar nr. 2/15, 28. janúar 2015.

EGK fór yfir fundargerðina.

Fundargerð lánanefndar nr. 3/15, 4. febrúar 2015.

EGK fór yfir fundargerðina

...

...

11. Sala hlutabréfa Byggðastofnunar

AÐ fór yfir tillögu að sölu hlutabréfa stofnunarinnar en á fundi stjórnar Byggðastofnunar 16. janúar sl. var ákveðið að auglýsa skyldi hlutabréf stofnunarinnar og að það yrði gert ekki síðar en 1. mars nk. og fyrirtækjunum gerð grein fyrir því að það stæði til.

Lagt er til að sölufurlinu verði hagað með þeim hætti að beðið verði með sölufurli þar til ársreikningar fyrirtækja eru tilbúnir og að fengið verði verðmat utanaðkomandi fagaðila á verðmætustu eignarhlutunum til þess að stofnunin geti betur lagt mat á væntanleg tilboð.

Stefnt skal að auglýsingu fyrir ársfund Byggðastofnunar.

12. Önnur mál

Ríkisendurskoðun

SBS sagði frá bréfi frá Ríkisendurskoðun sem barst í lok janúar þar sem stofnunin tilkynnti að hún ætlaði að gera úttekt á flutningi fimm ríkisstofnana af höfuðborgarsvæðinu til landsbyggðarinnar árin 1999-2007. Vinnu við svipaða greinargerð var þegar hafin hjá Byggðastofnun. Eftir samráð við Ríkisendurskoðun voru þau gögn sem stofnunin var búin að afla sér send til Ríkisendurskoðunar og hefur Byggðastofnun hætt sinni úttekt.

Húsnæðismál

AÐ upplýsti um stöðuna í húsnæðismálum stofnunarinnar en borist hefur tölvupóstur frá atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu varðandi málið þar sem óskað er eftir því að stofnunin auglýsi eftir húsnæði.

Frumvarp um laga um byggðaáætlanir og sóknaráætlanir

AÐ upplýsti um frumvarp sem stendur til að leggja fram um byggðaáætlun og sóknaráætlanir landshluta.

Stofnfjárlutir ríkisins í sparisjóðum

Formaður vildi að kannað yrði hvort stofnunin ætti að hafa samband við fjármálaráðuneytið varðandi yfirtöku á eignarhlut ríkisins í sparisjóðum.

Lán til landbúnaðar

EEE óskaði eftir að 5. lið á starfsáætlun verði fundinn farvegur þegar skuldabréfaútbóði líkur.

13. Ársfundur Byggðastofnunar

Ársfundur Byggðastofnunar verður haldinn 10. apríl nk. í Vestmannaeyjum. Ákveðið að kynnt verði greining sem verið er að ljúka á staðsetningu starfa á vegum ríkisins, opinberra hlutafélaga og stofnana sem njóta fjárveitinga á fjárlögum.

14. Næsti fundur

Næsti fundur verður 13. mars nk. á Sauðárkróki.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 12:15
Magnús Helgason, fundarritari

_____	_____
_____	_____
_____	_____
_____	_____